

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2002/EES/03/29

frá 22. desember 2000

um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/10/EB frá 26. febrúar 1998 um frjálsan aðgang að netum (ONP) fyrir talsímahjónustu og altæka fjarskiptaþjónustu í samkeppnisumhverfi(*)

(tilkynnt með númeri C(2000) 4078)

(2001/22/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/10/EB frá 26. febrúar 1998 um frjálsan aðgang að netum (ONP) fyrir talsímahjónustu og altæka fjarskiptaþjónustu í samkeppnisumhverfi⁽¹⁾, einkum 28. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 28. gr. tilskipunar 98/10/EB er kveðið á um breytingar á III. viðauka hennar til að laga hann að nýrri tækniþróun og breyttum kröfum markaðarins.
- 2) Tækniskýrsla Fjarskiptastaðlastofnunar Evrópu ETR 138 um gæði þjónustu, sem um getur í III. viðauka við tilskipun 98/10/EB, tekur ekki mið af frjálsum markaði þar sem mörg fjarskiptafyrirtæki eru starfandi. Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu (ETSI) hefur samþykkt ETSI-leiðbeiningar, EG 201 769-1, í stað ETSI ETR 138 sem eru unnar með hliðsjón af tillögum framkvæmdastjórnarinnar og að teknu tilliti til álits nefndarinnar um frjálsan netaðgang og rekstraráðila á markaðinum.
- 3) „Hlutfall árangurslausra upphringinga“ og „bið eftir upphringingu“ eru tvær færíbreytur sem skipta æ minna máli að teknu tilliti til mikilla gæða stafrænna, fastra simmeta og ætti aðildarríkjunum að vera heimilt að gera ekki kröfur til símafyrirtækja um að mæla þessar tvær færíbreytur ef gæðin eru fullnægjandi.
- 4) Breytingin á III. viðauka við tilskipun 98/10/EB, sem er samþykkt með þessari ákvörðun, fjallar um samhæfða samstæðu færíbreytna fyrir þjónustugæði sem ber að

nota alls staðar innan Evrópusambandsins, en auk þess geta aðildarríkin ákveðið að aðrar færíbreytur gildi jafnframt.

- 5) Framkvæmdastjórnin hefur, í samræmi við 28. gr. tilskipunar 98/10/EB, lagt fram drög að ákvörðun um álit nefndarinnar um frjálsan netaðgang, samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í 30. gr. tilskipunar 98/10/EB.
- 6) Breytingin á III. viðauka við tilskipun 98/10/EB, sem er samþykkt með þessari ákvörðun, er í samræmi við álit nefndarinnar um frjálsan netaðgang.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Viðaukinn við þessa ákvörðun komi í stað III. viðauka við tilskipun 98/10/EB.

2. gr.

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að ákvörðun þessari innan tveggja mánaða frá því að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. desember 2000.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Erkki LIIKANEN

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 5, 10.1.2001, bls. 12, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 46/2001 frá 30. mars 2001 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 30, 14.6.2001, bls. 19.

(¹) Stjtið. EB L 101, 1.4.1998, bls. 24.

VIÐAUKI

„III. VIÐAUKI

FÆRIBREYTUR, SKILGREININGAR OG MÆLIAÐFERÐIR FYRIR AFGREIÐSLUFREST OG ÞJÓNUSTUGÆÐI Í SAMRÆMI VIÐ KRÖFURNAR Í 12. GR.

Færibreyta (athugasemd 1)	Skilgreining	Mæliaðferð
Afgreiðslufrestur upphaflegrar tengingar	ETSI EG 201 769-1	ETSI EG 201 769-1
Bilanatíðni á tengingu	ETSI EG 201 769-1	ETSI EG 201 769-1
Biðtími eftir viðgerð	ETSI EG 201 769-1	ETSI EG 201 769-1
Hlutfall árangurslausra upphringinga (athugasemd 2)	ETSI EG 201 769-1	ETSI EG 201 769-1
Bið eftir upphringingu (athugasemd 2)	ETSI EG 201 769-1	ETSI EG 201 769-1
Viðbragðstími talsímavarda	ETSI EG 201 769-1	ETSI EG 201 769-1
Viðbragðstími upplýsingaþjónustu	ETSI EG 201 769-1	ETSI EG 201 769-1
Hlutfall almennra mynt- og kortasímasjálfsala sem eru nothæfir	ETSI EG 201 769-1	ETSI EG 201 769-1
Kvartanir vegna rangra reikninga	ETSI EG 201 769-1	ETSI EG 201 769-1

Útgáfunúmer ETSI EG 201 769-1 er 1.1.1 (apríl 2000).

Athugasemd 1

Með færibreytum ber að gera ráð fyrir afkastagreiningu innan svæða (þ.e. ekki undir 2. stigi í flokkun hagskýrslusvæða (NUTS) sem Hagstofa Evrópubandalaganna kom á).

Athugasemd 2

Aðildarríkjnum er heimilt að ákveða að krefjast ekki að nýjustu upplýsingar um afköst með tilliti til fyrrnefndra tveggja færibreytna verði geymdar ef fyrir liggja gögn sem sýna að afköst á þessum tveimur sviðum eru fullnægjandi.“